

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að bílastæði við Baldursgötu 26 verði merkt stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
2. Að bílastæði við Samtún 10 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
3. Að akstur vélknúinna ökutækja á Laugavegi milli Rauðarárstígs og Snorrabrautar verði bannaður. Undanþeginn banninu er annars vegar akstur Strætó og hins vegar akstur vegna vöruafgreiðslu klukkan 7-11 virka daga og 8-11 á laugardögum.
4. Að eftirfarandi eigi við fyrir Rauðarárstíg norðan Hverfisgötu:
 - a. Að botnlangi Rauðarárstígs frá Bríetartúni til suðurs verði merkt sem vistgata.
 - b. Að tvö bifreiðastæði innst í botnlanga verði merkt sem bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða.
 - c. Að þrjú bifreiðastæði vestanmegin í botnlanganum verði merkt sem biðstöð leigubifreiða.
 - d. Að fjögur bifreiðastæði vestanmegin í botnlanganum verði merkt sem bifreiðastæði eingöngu ætluð bifreiðum sem þurfa rafhleðslu.
5. Að á bílastæði Vogaskóla við Skeiðarvog verði svæði á suðausturhluta sérmerkt sem biðstöð hópþifreiða með almennu stöðubanni í stæðinu á tímabilinu kl. 07.00-15.00, mánudaga til föstudaga, með undirmerki um heimild fyrir vöruafgreiðslu.
6. Að Kárastígur verði vistgata.
7. Að eitt bifreiðastæði á Kárastíg til móts við hús nr. 1a verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
8. Að tvö stæði á Njálsgötu, vestan gatnamóta við Frakkastíg, verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
9. Að eftirfarandi gönguþveranir verði merktar sem gangbrautir:
 - a. Að gönguþverun yfir Rafstöðvarveg verði merkt sem gangbraut.
 - b. Að gönguþverun yfir hjólastíg vestan Rafstöðvarvegur verði merkt sem gangbraut.

Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.

Skrifstofu stjórnsýslu og gæða á umhverfis- og skipulagssviði, 16. nóvember 2022.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir skrifstofustjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 2. desember 2022